

## AUGLÝSING

### um birtingu á tiltekinni ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar á sviði fjármálaþjónustu sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn.

Eftirtalin ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér að tiltekna reglugerðir á sviði fjármálaþjónustu eru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993 þar sem samningurinn var upphaflega birtur:

1. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2020 frá 7. febrúar 2020, sjá fylgiskjal nr. 1 með auglýsingu þessari.

Sú ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem að framan greinir er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Birtingin er liður í undirbúningi þess að fjármála- og efnahagsráðherra leggi fyrir Alþingi lagafrumvarp til innleiðingar á viðkomandi reglugerðum í íslenskan rétt, með þeim aðlögunum sem gerðar hafa verið við upptöku þeirra í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Sama ákvörðun verður jafnframt á síðara stigi birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 16. mars 2022.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

---

*Elísabet Júlíusdóttir.*

**Fylgiskjal 1.****ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 19/2020****frá 7. febrúar 2020****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (<sup>1</sup>).
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 frá 4. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fjármálaafleiðugerninga sem hafa þann eina tilgang að verja gegn áhættu, nægilegan líftíma evrópsku langtímafjárfestingasjóðanna, viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignanna sem á að losna við og tegundir og einkenni aðstöðunnar sem stendur almennum fjárfestum til boða (<sup>2</sup>).
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31b fh (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31b gc. **32015 R 0760**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (Stjtið. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum, ber að skilja hugtökin „aðildarríki(n)“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð.
- b) Í 3. og 4. mgr. 35. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.

31bgca. **32018 R 0480**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 frá 4. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fjármálaafleiðugerninga sem hafa þann eina tilgang að verja gegn áhættu, nægilegan líftíma evrópsku langtímafjárfestingasjóðanna, viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignanna sem á að losna við og tegundir og einkenni aðstöðunnar sem stendur almennum fjárfestum til boða (Stjtið. ESB L 81, 23.3.2018, bls. 1).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 2. mgr. 6. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „í eitt ár eftir gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2020 frá 7. febrúar 2019“ í stað orðanna „frá 1. maí 2019“.

*2. gr.*Texti reglugerðar (ESB) 2017/760 og framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/480, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98.<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 81, 23.3.2018, bls. 1.<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*

---

C-deild – Útgáfudagur: 17. mars 2022